

ingum ríkisins, optlega hafa kvartað yfir því, að tekjur af sýslunum á Íslandi séu þar ekki nógu greinilega sundurliðaðar, þá skorar dómsmálastjórnin á yður, herra (tit.), á líkan hátt og gjört er í bréfi hinnar íslenzku stjórnardeildar 22. júlím. 1857, að brýna fyrir sýslumönnum í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, og ef með þarf, beita við þá tilhlýðilegum fjársektum, að þeir eigi nákvæmlega að fara eptir því, sem fyrir er mælt í bréfi innanríkisstjórnarinnar 13. janúarm. 1854, en í því bréfi er embættismönnum þessum boðið að tilgreina sérstaklega í skýrslum þeim, er fylgja sýslugjöldum, er þeir greiða í jarðabókarsjóð Íslands, uppi hverjar tekjur fé það, er þeir greiða, eigi að koma, og fyrir hvaða ár, og séu gjörð skil fyrir tekjum þessum á þann hátt, að send sé ávísun uppá eitthvert verzlunarhús í Danmörku, þá skuli þetta vera tilgreint í bréfi því, sem ávísunin er send með til hlutaðeiganda stjórnarráðs.

1861.
5. júlím.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um prentun þingistíðindanna. 5. júlím.

Eins og ljósar sést af skjölum þeim, er fylgja bréfi þessu, hefir forseti á alþingi 1859, examinatus juris Jón Guðmundsson, færzt undan að ávísa, með öðrum alþingiskostnaði úr jarðabókarsjóði Íslands, 705 ríkisdöllum 21 sk., sem eru eptirstöðvar af kostnaðinum fyrir prentun þingstíðindanna árið 1859, með því hann heldur, að færa eigi niður fé þetta að minnsta kosti um 200 ríkisdali, sökum þess, að af hálfu prentsmiðjunnar hafi verið brugðið útaf samningi þeim, er gjörður hafi verið um prentun tíðindanna; en þaræð stjórnendur prentsmiðjunnar eigi hafa viljað fallast á þetta, og hlutaðeigendur eigi getað orðið á eitt sáttir, þá hafa bæði stiptsyfirvöldin á Íslandi og Jón Guðmundsson borið upp málið fyrir dómsmálastjórninni.

Um þetta málefni gjörir dómsmálastjórnin fyrst þá athugasemd, að sú hlutdeild, er forseti á alþingi á að eiga í því, að birta almenningi gjörðir þingsins, eptir 2. málsgrein í 78.

1861. grein alþingistilskipunarinnar 8. marzm. 1843, snertir að eins
5. júlím. það, að semja alþingistíðindin, en eptir 1. málsgreininni er það
konungsfulltrúi, er á að annast um útgáfu tíðindanna.

Um leið og dómsmálastjórnin því sendir yður skjöl málsins, skorar hún á yður, herra amtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, að þér, samkvæmt lagastað þeim, er nú var nefndur, annist um, að máli þessu verði ráðið til lykta, og sendið síðan stjórnarráðinu skýrslu um það.

Fylgiskjölín eruð þér beðnir að senda aptur.

5. júlím. **33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um ljóstoll til kirkju.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, með bréfi 21. aprílm. f. á., sent hingað skjal nokkurt frá Jónasi Guðmundssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík; fer hann þess á leit, að hann sé undan þeginn að gjalda ljóstoll til dómkirkjunnar, meðan hann hvorki setur bú nè eignast tíundbært fè, svo og að honum verði endurgoldinn ljóstollur sá, er hann hefir greitt síðan árið 1856.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jónasi kennara Guðmundssyni, að dómsmálastjórnin ekki álitur sig eiga að skilja hann undan að greiða ljóstoll, en annars beri spurningunni um skyldu hans í því efni undir úrskurð dómenda.

5. júlím. **34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtannsins yfir norður- og austurumdæminu um hús, keypt á umboðsjörð.**

Samkvæmt því, sem farið er fram á í bréfi yðar, herra amtmaður, 12. aprílm. þ. á., leggur dómsmálastjórnin samþykki sitt á, að þér, eptir tilmælum hlutaðeigandi umboðsmanns, hafið varið 6 ríkisdöllum af tekjunum af Reynistaðar klausturs jörðum til að